

íbúðarhúsalóðum.

Sveitarstjórn tekur undir tillögu nefndarinnar að kanna nánar möguleika á að skipuleggja nýjar íbúðarhúsalóðir í Laugahverfinu og samþykkir að umræddar hugmyndir verði kynntar fyrir forsvarsmönnum Framhaldsskólans á Laugum og Fasteignum ríkissjóðs þar sem kannaður verði vilji þeirra til samstarfs við sveitarfélagið.

5. liður fundargerðar; Kjarnagerði í landi Breiðaness, umsókn um heimild til landskipta.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna landskiptanna eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðin að öðru leyti.

4. Sameiginleg barnaverndarnefnd – tillaga framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. (HNP)

Tillaga framkvæmdastjórnar HNP um sameiginlega barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélaga HNP tekin til afgreiðslu öðru sinni. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að fulltrúaráð HNP skipi sameiginlega barnaverndarnefnd, Barnaverndarnefnd Þingeyinga, fyrir starfssvæði sitt skv. tilnefningum frá sveitarfélögunum. Óskað er eftir formlegri afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna á tillögunni.

Sveitarstjórn samþykkir að skipuð verði sameiginleg barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar Þingeyinga bs. á grundvelli 3. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. bókun fulltrúaráðs byggðasamlagsins 18. nóvember 2016 og bætist svohljóðandi liður

við verkefnalista 3. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins „Barnaverndarnefnd skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002“.

Um frekari útfærslu er vísað til erindisbréfs fyrir nefndina sem framkvæmdastjórn byggðasamlagsins hefur samið í umboði fulltrúaráðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25

Arnór Benónýsson	Margrét Bjarnadóttir
Eiður Jónsson	Árni Pétur Hilmarsson
Heiða Guðmundsdóttir	Ragnar Bjarnason
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson	

Sumarstörf í boði

Skógræktin á Vöglum í Fnjóskadal óskar eftir starfsfólki í eftirtalin sumarstörf:

Tjaldsvæðavörður í Vaglaskógi. Umsækjandi þarf að vera orðin 20 ára. Góð enskukunnátta nauðsynleg. Vaktavinna Starfsmaður til ýmissa almennra skógræktarstarfa. Umsækjandi þarf að vera 18 ára eða eldri.

Athugið, frítt húsnæði í boði á staðnum.

Áhugasamir hafi samband við Rúnar í síma: 896-3112 eða sendi póst á netfangið runar@skogur.is



Sumarstarf á Gistihúsinu á Narfastöðum

Ferðapjónustan á Narfastöðum í Þingeyjarsveit

Óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa í sumar við þjónustu í sal og aðstoð í eldhúsi

Við leitum að stundvísu, samviskusömum og glaðlyndum einstaklingum með ríka þjónustulund

Tungumálakunnátta er nauðsynleg og starfsreynsla er mikill kostur

Húsnæði fyrir starfsfólk er ekki í boði en tekið er þátt í aksturskostnaði til og frá vinnu.

Umsækjendur verða að hafa náð 18. ára aldri.

Umsóknir þurfa að hafa borist í síðasta lagi mánudaginn 13.

mars á netfangið farmhotel@farmhotel.is

Upplýsingar gefur Unnsteinn
í síma 464-3300 eða í tölvupósti.

www.farmhotel.is



Aðalfundur U.M.F. Bjarma 2017

verður haldinn í
Gamla Barnaskólanum í Skógum
mánudagskvöldið 6. mars kl. 20:00.
Venjuleg aðalfundarstörf og veitingar að
hætti stjórnar.

Allir velkomnir! Stjórnin
Birna, Helen og Jón



Áncægjufundur Kvenfélags Ljósvefninga

verður haldinn miðvikudagskvöldið 8. mars
nk. kl. 20:00 í Safnaðarheimili Þorgeirskirkju.

Takið endilega með ykkur gesti.

Allar konur ávallt velkomnar.

Varastjórn Kvenfélags
Ljósvefninga

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu vinnuhópsins um starfs- og
kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.*

2 Þingeyjarskóli – viðauki

Tekinn til umræðu síðasti áfangi á endurnýjun þaks á Þingeyjarskóla.

Fyrir liggur kostnaðaráætlun að upphæð 5.1 m.kr.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Þegar starfsstöðvar Þingeyjarskóla voru sameinaðar í eina í húsnæði
Hafralækjarskóla lá fyrir að ráðast þyrfti í umfangsmiklar
viðgerðir á þaki húsnæðisins. Hér er um að ræða lokaáfangi í því
verki. Þar sem ekki var gert ráð fyrir þessu verki í fjárhagsáætlun
fyrir árið 2017 samþykkir sveitarstjórn viðauka við
fjárhagsáætlun að upphæð 5.2 m.kr. sem mætt verður með
skammtímalántöku. Þessi samþykkt er gerð til að koma í veg
fyrir að þessi framkvæmd skerði fyrirhugað viðhald á
vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks.“

*Tillagan samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur
atkvæðum fulltrúa T lista.*

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Það er skoðun fulltrúa T-lista að húsnæði Hafralækjarskóla hefði átt
að gefa eða selja á hrakvirði fyrir mörgum árum. Peninga sem
búið er að eyða í vitleysu er ekki hægt að nota sem afsökun til að
eyða meiri peningum í vitleysu.“

Fulltrúar T-lista greiða því atkvæði gegn tillögu oddvita.“

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.02.2017

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20. febrúar
s.l. Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fimm liðum.

1. liður fundargerðar; Hólsvirkjun, aðal- og deiliskipulag.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og
tillögu að deiliskipulagi með þeim breytingum og svörum sem
fram koma í bókun Skipulags- og umhverfisnefndar við
athugasemndum og umsögnum á auglýsingatíma tillagnanna.
Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast gildistöku
tillagnanna eins og skipulagslög mæla fyrir um.
Ragnar Bjarnason sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.*

3. liður fundargerðar; Umhverfi Goðafoss, breyting á
deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna og felur
skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa hana eins og 1. mgr.
43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

4. liður fundargerðar; Laugar í Reykjadal, hugmyndir að nýjum



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
23.02.2017**

**210. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudagur 23. febrúar 2017 kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Vegvísir samstarfsnefndar
2. Þingeyjarskóli – viðauki
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.02.2017
4. Sameiginleg barnaverndarnefnd – tillaga framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga (HNP)

Til kynningar:

- a. Fundargerðir 291. og 292. funda stjórnar Eyþings
- b. Fundargerð 846. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- c. Fundargerð 2. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga (HNP)
- d. Fundargerðir stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf. frá 12.12.2016 og 30.01.2017
- e. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 20.01.2017
- f. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga

I. Vegvísir samstarfsnefndar

Á fundi sveitarstjórnar þann 9. febrúar s.l. skipaði sveitarstjórn vinnuhóp til að vinna verkefni í samræmi við vegvísi samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans.

Vinnuhópurinn lagði fram tillögu um starfs- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið. Í tillögunni er lagt til að heildarfjöldi fulltrúa kennarar verði sex, þrír í hvorum grunnskóla fyrir sig og greidd verði yfirvinna fyrir þá vinnu, átta tíma á hvern fulltrúa. Fulltrúar sveitarfélagsins eru þrír (skipaður vinnuhópur) og fá greidd nefndarlaun fyrir sína vinnu, áætlaðir sex fundir.

Aðalfundur Fjárræktarfélags Reykdæla

Verður haldinn í Dalakofanum
Mánudagskvöldið 6. mars kl 20,30
María Svanprúður mætir með ýmsan fróðleik.

Stjórnin



Kveikjukvöld í Þorgeirskirkju

Sunnudagskvöldið 5.mars kl 20 verður Kveikjukvöld í Þorgeirskirkju. Þar les sr. Bolli og fjallar um tilurð kveikja úr samnefndri bók sinni (útgefin 2015) en þær eru stuttar hugleiðingar í sagnaformi um hinar ýmsustu aðstæður er upp geta komið í lífinu. Tónlistarmaðurinn Heimir Ingimarsson leikur og syngur valin lög sem passa við inntak kveikja. Hugvekjandi stund. Kaffi og konfekt eftir stund. Verið velkomin!



Bíódagur á Laugum

Næstkomandi sunnudag, 5. mars, býður sóknarnefnd Einarstaðasóknar í bíó í Þróttó á Laugum. Sýnd verður fyrsta myndin í Matrix þríleiknum. Á undan sýningu segir séra Þorgrímur nokkur orð. Léttar veitingar í hléi. Aldurstakmark 16 ára. Sýningin hefst klukkan 13:00. Sóknarnefnd.

Söngfélagið Sálubót

heldur Góutónleika í Stórutjarnaskóla sunnudaginn 5. mars kl. 15:00.

Fjölbreytt söngatriði og svignandi kaffihlaðborð.



Stjórnandi er Jaan Alavere og um undirleik sjá Jaan og Marika Alavere auk Péturs Ingólfssonar. Miðaverð: Fullorðnir 2.500 kr. 7-16 ára 1.000 kr. Frítt fyrir 6 ára og yngri.

Hlökkum til að sjá ykkur,

Söngfélagið Sálubót.

9.tbl.
1. mars
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Grái herinn hnyklar vöðvana

Framsýn stéttarfélag stendur fyrir opnum fundi um starfslok og önnur málefni eldra fólks á Fosshótel Húsavík, laugardaginn 4. mars. Fundartími frá 11:00 til 13:00.

Gestir fundarins verða:

Helgi Pétursson hershöfðingi Gráa hersins, en hann mun ræða um kjör eftirlaunafólks.

María Axfjörð mun fjalla um atvinnumissi, atvinnuleit og stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

Anna Rúna Mikaeladóttir segir frá starfsemi Félags eldri borgara á Húsavík.

Það er alltaf mikilvægt að við stöndum vörð um okkar hagsmunamál og það á ekki síst við þegar árin færast yfir. Við bjóðum upp á súpu og brauð á fundinum. Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Fundurinn verður nánar auglýstur á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is

Framsýn, stéttarfélag Þingeyinga